

Ed.

415. Frumvarp til laga

um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 302, með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:

Síðasta málsgr. 41. gr. laganna orðist svo:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé vegna atvinnusóknar. Um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar í þessu efni fer á sama hátt og fyrir er mælt í 21. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Aftan við 2. málsgr. 48. gr. laganna bætist: Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefir greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.